



Rafræn miðlun greiðsluseðla

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa

Óskað er eftir að fjármála- og áhættusvið fái heimild til að hætta að prenta út og senda greiðsluseðla til fyrirtækja og einstaklinga sem eru 79 ára og yngri frá 1. janúar 2023

Óskað er eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið fái heimild til að hætta að prenta út og senda greiðsluseðla til fyrirtækja og einstaklinga sem eru eldri en 18 ára og yngri en 79 ára en þessir greiðsluseðlar eru allir einnig birtir í rafrænum skjölum í netbönkum.

Lagaheimildir til að hætta að senda út greiðsluseðla á pappírformi og nýta rafræna miðlun sem fullnægjandi tilkynningu vegna opinberra gjalda, svo og annarra krafna, má bæði finna í 18. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda nr. 150/2019, sbr. 39. gr. Stjórnssýslulaga nr. 37/1993.

Á árinu 2010 var tekin ákvörðun um að senda ekki greiðsluseðla til einstaklinga fædda 1942 og síðar en það átti ekki við alla málaflokka, s.s. eins og þá sem eru að greiða niður velferðarlán en einnig eru margir sem fá greiðsluseðla vegna heimaþjónustu og fæðis á vegum velferðarsviðs. Það er mat fjármálastjóra velferðarsviðs að það að hætta að senda út greiðsluseðla til þessara aðila muni ekki valda skaða ef málið er vel kynnt fyrir starfsfólki velferðarsviðs sem sinna þessum málaflokkum og auglýst á vef Reykjavíkurborgar. Þá væri gagnlegt að kynna þessa nýju framkvæmd vel fyrir félagsráðgjöfum og öðru starfsfólki þjónustumiðstöðva sem sinna fjármálaráðgjöf og nefndum þjónustuþegum.

Einstaklingar geta ávallt óskað eftir því að fá senda greiðsluseðla á pappírformi og tryggt verður að einstaklingar sem hafa óskað eftir að fá greiðsluseðla hingað til haldi áfram að fá þá.

Greiðsluseðlar eru sendir til allra fyrirtækja vegna fasteignagjalda og annarra gjalda. Nú er lagt til að hætta að senda greiðsluseðla til fyrirtækja nema þau óski sérstaklega eftir því að fá þá senda í bréfpósti.

Í hverjum mánuði eru prentaðir og sendir á milli 12 og 13 þúsund greiðsluseðlar og í hverjum mánuði fáum við hundruð bréfa, sem pósturinn kemur ekki á leiðarenda, endursend.

Það er ekki sérlega umhverfisvænt að prenta út og senda allan þennan pappír um allan bæ auk þess sem það kostar umtalsverða fjármuni. Allur kostnaður varðandi prentun og póstlagningu á þessum seðlum hefur hækkað mikið á undanförunum árum, sérstaklega póstkostnaðurinn sem hefur stundum hækkað um tugi prósentu á milli ára.

Kostnaður vegna prentunar og póstburðar á greiðsluseðlum var í heildina um 25,8 m.kr. á árinu 2021, þar af var kostnaðurinn vegna fasteignagjalda um 16,3 m.kr. Gera má ráð fyrir að þessi aðgerð geti sparað allt að 80-90% af þessum kostnaði.

Langflest fyrirtæki í landinu eru hætta að senda greiðsluseðla í bréfpósti og birta þá frekar í rafrænum skjölum í netbönkum eða á þeirra eigin „Mínum síðum“. Lagt er til að Reykjavíkurborg fylgi því fordæmi varðandi greiðsluseðla, þ.e. hætta að senda út greiðsluseðla í bréfpósti því allir greiðsluseðlar eru birtir í rafrænum skjölum í netbönkum. Þá birtast



Reykjavíkurborg

álagningaseðlar vegna fasteignagjalda á Island.is og er hægt að nálgast heildarálagningu strax við upphaf álagningar í febrúar ár hvert.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur verið í samtali við fjármálastjóra sviðanna varðandi þessa tillögu og hafa þeir allir samþykkt að þessi tilraun verði gerð. Komi upp vandamál þá er alltaf hægt að hætta við og halda áfram að senda greiðsluseðla á pappírformi.

Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa mun undirbúa og leiða verkefnið og tryggja að verkefnið verði vel kynnt innan borgarinnar og á vef borgarinnar áður en hætt er að senda út þessa greiðsluseðla.

Virðingarfyllt,
Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri
Fjármála- og áhættustýringarsvið